

Nd.

313. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til laga um hámarkspóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á nokkrum fundum sínum, en varð ekki sammála um afstöðu til þess.

Einn nefndarmanna (Björn Fr. Björnsson) leggur til, að frumv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, annar nefndarmaður (Gunnar Jóhannsson) leggur til, að frumv. verði fellt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir hins vegar með því, að frumv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.

Alþingi, 22. febr. 1963.

Einar Ingimundarson,
form., frsm.

Unnar Stefánsson,
fundaskr.

Alfreð Gíslason.